



Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

16. febrúar 2015

Skýrsla starfshóps um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötlðuðu fólki



Inngangur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 1. apríl 2014 að beita sér fyrir átaki með Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi. Verkefnið hefur hlotið heitið ***Saman gegn ofbeldi***. Einnig var samþykkt viðaukatillaga um að sérstaklega skyldi skoðað hvernig best sé að aðstoða fatlaðar konur og konur af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi.

Borgarráð fól mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar að leggja grunn að verkefninu og halda utan um framkvæmd þess. Í ljós kom við undirbúning verkefnisins hversu flókin og víðfeðmur málaflokkurinn er þegar kemur að fötluðu fólki. Búseta fatlaðs fólks er fjölbreytt, sumir búa á eigin heimilum en aðrir búa á heimilum sem eru rekin af Reykjavíkurborg eða af félagasamtökum samkvæmt samningnum við borgina. Þess vegna er mikilvægt að skilgreining heimilisofbeldis nái einnig til þeirra heimila sem Reykjavíkurborg rekur eða á í samstarfi við um rekstur. Mikilvægt er að hafa í huga að þeir sem beita fatlað fólki heimilisofbeldi geta búið á sama heimili (t.d. á sambýlum, skammtímavistunum eða í búsetukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar) eða starfað á þessum heimilum.

Til þess að skoða hvernig mögulegt sé að sporna við heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki, óháð búsetu þess, var settur á fót starfshópur sem samanstóð af einstaklingum með þekkingu á málefnum út frá ólíkum sjónarhornum. Fulltrúar í starfshópnum og ráðgjafar hans voru:

Tómas Ingi Adolfsson, mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Ásta Sóley Haraldsdóttir, Hitt húsið

Hróðný Garðarsdóttir, verkefnastjóri og forstöðumaður á heimilum fatlaðs fólks að Ránargötu og

Einarsnesi

María Hreiðarsdóttir, Þjónustumiðstöð Breiðholts

Sigþrúður Katrín Eyjólfssdóttir, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks hjá Þjónustumiðstöð

Laugardals og Háaleitis

Freyja Haraldsdóttir, Tabú

Embla Guðrúnar Ágústssdóttir, Tabú

Tómas Ingi Adolfsson, frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, leiddi starf hópsins. Ábyrgðarmaður starfshópsins var Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri verkefnisins *Saman gegn ofbeldi*.

Starfshópurinn fundaði alls 10 sinnum á tímabilinu 24. október 2014 til 21. janúar 2015. Á fundi hópsins komu gestir með sérþekkingu á þeim málum sem sneru að verkefnum hópsins. Gestir hópsins voru meðal annars Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar; Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa; Kristjana Sigmundsóttir, réttindagæslumaður fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu; Sigprúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins; Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks hjá Stígamótum og Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið

Markmið starfshópsins var að greina núverandi stöðu mála og að finna leiðir til þess að sporna gegn heimilisofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir. Sjá nánar um markmið og hlutverk hópsins í erindisbréfi, fylgiskjal 1.

Heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki: skilgreining starfshópsins

Áður en fjallað verður um stöðu mála í dag og tillögur að aðgerðum kynntar, verður hér fjallað um skilgreiningu starfshópsins á heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki, en starfshópurinn skilgreinir heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki með eftirfarandi hætti:

Heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki er ýmist einstök eða endurtekin athöfn eða skortur á athöfnum af hálfu þess/þeirra aðila sem fötluð manneskja ætti að geta treyst í daglegu lífi inni á heimili sínu. Til slíkra aðila teljast m.a. makar, fjölskyldumeðlimir, starfsfólk og aðrir íbúar á heimili fatlaðs einstaklings. Þetta atferli gagnvart fötluðum einstaklingi veldur viðkomandi skaða eða andlegri þjáningu. Ofbeldið getur tekið á sig ýmsar myndir: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagsleg misnotkun og misnotkun á eignum eða vanræksla. Heimilisofbeldi eru brot framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem

fatlaður einstaklingur dvelur eða hittir aðila sem hann ætti að geta treyst í daglegu lífi á heimili sínu. Hér að neðan eru útskýringar á þeim hugtökum sem nefnd eru í skilgreiningu starfshópsins:

Líkamlegt ofbeldi: T.d. að kýla, slá, sparka, hrinda, halda og misnotkun á lyfjum viðkomandi.

Andlegt ofbeldi: T.d. að hóta, skamma, ógna, niðurlægja, útiloka frá samskiptum, stjórna, þvinga, einangra, hindra aðgang að stuðningi og aðstoð. Í því felst einnig ofbeldi og áreitni sem felur í sér mismunun (sjá neðar).

Kynferðislegt ofbeldi: T.d. nauðgun, kynferðislegt áreiti eða kynferðislegar athafnir sem fatlaður einstaklingur hefur ekki samþykkt, gæti ekki samþykkt vegna skerðingar eða var þvingaður til þess að samþykkja.

Fjárhagsleg og efnisleg misnotkun: T.d. þjófnaður, svik, misnotkun fjármuna, þrýstingur vegna ráðstafana fjármuna, misnotkun og vísvitandi eyðilegging á eignum.

Vanræksla: T.d. vanræksla varðandi lyfjagjöf og líkamlega umönnun.

Ofbeldi/áreitni sem felur í sér mismunun: Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Mikilvægt er að hafa í huga að birtingarmyndir ofbeldis eru margvíslegar. Ofangreindur listi er því ekki undir neinum kringumstæðum tæmandi. Þannig þarf að hafa í huga að það sem fötluð manneskja, eða þeir sem standa henni næst, upplifa sem ofbeldi ber undir öllum kringumstæðum að taka alvarlega og rannsaka nánar.

Staða mála

Eitt af markmiðunum með starfi hópsins var að greina núverandi stöðu mála og gera tillögur um úrbætur. Starfshópurinn aflaði upplýsinga með því að kynna sér rannsóknir á ofbeldi gagnvart fötluðu fólki, en rannsóknir á ofbeldi gagnvart fötluðum konum voru hafðar í forgrunni. Í skýrslu um ofbeldi gegn fötluðum konum, sem unnin var fyrir

Velferðarráðuneytið árið 2013, voru tekin dæmi af rannsóknum sem sýna fram á að fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi heldur en aðrir hópar samfélagsins. (Velferðarráðuneytið, 2013). Önnur rannsókn sem vísað er til í skýrslunni, greinir frá því að fatlaðar konur séu einnig líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi yfir lengra tímabil (Nosek, Howland, Rintala, Young og Chanpog, 2001). Í skýrslunni kemur þar að auki fram að rannsóknir sem gerðar hafi verið á umfangi ofbeldis í nánum samböndum, bendi til þess að fatlaðar konur séu líklegri til þess að hafa þolað ofbeldi af hálfu maka sinna en aðrar konur (Velferðarráðuneytið, 2013). Í rannsókn Barrett, O'Day, Roche og Carlson (2009) kemur einnig fram að rúmur þriðjungur fatlaðra kvenna hafði verið beittur líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi samanborið við 21% ófatlaðra kvenna.

Jafnframt má nefna að þrátt fyrir að fatlaðar konur og stúlkur verði fyrir sams konar ofbeldi og aðrar kynsystur þeirra, verða þær auk þess fyrir ofbeldi sem til dæmis má rekja til félagslegrar stöðu sem og til þess að þær eru frekar háðar öðrum í daglegu lífi en ófatlaðar konur (Women With Disabilities Australia, 2013). Sjálfsmat og tengsl við aðra kann einnig að skipta miklu máli þegar kemur að því að brjótast úr ofbeldissamböndum, en í rannsókn Nosek, Hughes, Swedlund, Taylor og Swank (2003), kemur fram að líklegra sé að fatlaðar konur séu með lágt sjálfsmat og búi frekar við félagslega einangrun heldur en ófatlaðar konur.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (e.d.) greinir frá því að stofnanavistun fatlaðs fólks auki varnarleysi þess gagnvart ofbeldi. Í slíkum aðstæðum eigi fatlað fólk til að mynda erfiðara með að brjótast út úr ofbeldisfullum aðstæðum og að tilkynna um ofbeldi. Í skýrslunni sem unnin var fyrir Velferðarráðuneytið (2013) um ofbeldi gegn fötluðum konum er greint frá þessum veruleika og afleiðingum hans á líf fatlaðra kvenna. Í skýrslunni lýsa fatlaðar konur meðal annars reynslu sinni af því að hafa búið með ofbeldisfullum einstaklingum á sambýlum og upplifun sinni af því þegar heimilislífið tók að hverfast um hinn ofbeldisfulla einstakling. Konurnar lýstu því jafnframt að starfsfólk hefði verið tregt til þess að tilkynna slíkar árásir til lögreglu. Þannig hafi verið reynt að leysa úr málunum innanhúss. (Velferðarráðuneytið, 2013). Þessi upplifun kvennanna endurspeglar skert aðgengi fatlaðra kvenna að almennum úrræðum fyrir þolendur heimilisofbeldis og hvernig ofbeldi gegn fötluðum konum er að miklu leyti falið vandamál í samfélaginu þar sem mál þeirra rata ekki á borð viðeigandi fagaðila.

Skortur á faglegri úrvinnslu þessara ofbeldismála sem lýst er í skýrslunni hafði slæmar afleiðingar í för með sér fyrir konurnar. Þær einangruðu sig inni á herbergjum sínum í marga

daga eftir atvikin, voru hræddar og vildu ekki umgangast þann aðila sem beitti þær ofbeldi. Konunum var hins vegar gert að búa áfram með þeim sem ógnuðu þeim og sköpuðu hjá þeim ótta. (Velferðarráðuneytið, 2013).

Í ljósi þess sem hér hefur verið greint frá varðandi tíðni, eðli og umfang þess ofbeldis sem fatlaðar konur verða fyrir, er full ástæða til að huga mun betur að stöðu fatlaðra kvenna og fatlaðs fólks almennt í samfélaginu með tilliti til þess hvernig hægt sé að sporna gegn heimilisofbeldi sem það verður fyrir.

Út frá ummælum gesta á fundum starfshópsins mátti greina ákveðinn samhljóm um hvar úrbóta sé þörf. Fatlað fólk, þá sérstaklega fólk með þroskahömlun, fær ekki viðeigandi fræðslu um eigin mannréttindi eða kynfræðslu eða fræðslu um heilbrigð parasambönd. Þessi skortur á fræðslu getur haft skaðlegar afleiðingar. Fræðslan er grundvöllur fyrir því að þekkja mörk eðlilegra og heilbrigðra parasambanda og kynlífs annars vegar og ofbeldis hins vegar.

Búseta fatlaðs fólks er fjölbreytt. Sumir búa á eigin heimilum, aðrir í búsetukjörnum eða á sambýlum auk þess sem einhverjir búa að hluta til á skammtí mavistun sem gegnir því hlutverki að vera annað heimili sumra fatlaðra einstaklinga. Í daglegu lífi fatlaðs fólks eru þar af leiðandi oft á tíðum fjölmargir einstaklingar sem koma til greina sem mögulegir gerendur ofbeldis. Makar, fjölskyldumeðlimir, íbúar á sama heimili, starfsfólk á heimili fatlaðs fólks, bílstjórar o.fl. Sökum þessa er sérstaklega mikilvægt að fatlað fólk þekki mörk ofbeldis annars vegar og heilbrigðra samskipta hins vegar. Í grunninn liggur þó vandinn í jaðarsetningu fatlaðs fólks, útilokun, aðgreiningu og undirskipun. Fötluðu fólki er kennt frá unga aldri að vera þakklátt fyrir alla þjónustu og að skoðun þess og valfrelsi skiptir litlu máli. Einnig verður fatlað fólk, eins og komið hefur fram, fyrir miklu ofbeldi í sínu hversdagslega lífi. Allt þetta grefur undir sjálfstrausti og sjálfsvirðingu margs fatlaðs fólks og brýtur niður varnir þess svo með tímanum verður sífellt auðveldara að brjóta á því án þess að það mögulega geri sér grein fyrir því. Það verður því að hafa í huga að fræðsla ein og sér leysir ekki bága valdastöðu fatlaðs fólks og mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hafi manneskja upplifað mikla kúgun eru allar líkur á að hún láti kúga sig áfram þrátt fyrir þekkingu á mörkum og réttindum.

Skortur á fræðslu er einnig til staðar á fleiri sviðum. Til að mynda er fræðslu til starfsfólks sem starfar með fötluðu fólki í daglegu lífi þess mjög svo ábótavant. Mikilvægt er að huga að því að starfsfólk starfar samkvæmt ýmsum lögum og reglugerðum um málefni fatlaðs fólks og skrifar starfsfólk undir samninga þess efnis þegar það hefur störf. Ekki er algilt að starfsfólkið fái viðunandi kynningu á þessum málum og er framkvæmdin misjöfn á

milli vinnustaða. Til þess að stuðla að valdeflandi starfi með virðingu fyrir mannréttindum fatlaðs fólks að leiðarljósi, er mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um þá hugmyndafræði sem lögin fela í sér. Jafnframt er brýnt að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir því starfsfólki sem hefur störf með fötluðu fólki, en samningurinn hefur verið undirritaður af stjórnvöldum og unnið er að fullgildingu hans.

Þegar ofbeldismál koma upp er jafnframt skortur á opinberum, samræmdum og aðgengilegum verkferlum á heimilum fatlaðs fólks á vegum Reykjavíkurborgar sem og á öðrum stöðum á vegum Reykjavíkurborgar þar sem fatlað fólk ver tíma sínum yfir daginn. Að lokum er innra eftirliti með gæðum þjónustu við fatlað fólk á vegum Reykjavíkurborgar ábótavant.

Til þess að bæta úr valdaójafnvægi milli fatlaðs og ófatlaðs fólks var starfshópurinn sammála um, bæði á grundvelli fræðilegs efnis og eigin reynslu af lífi sem fatlað fólk og sem starfsmenn í þjónustu við fatlað fólk, að miklar kerfisbreytingar væru nauðsynlegar. Mikilvægt er að fatlað fólk eigi þess alltaf kost að fá notendastýrða aðstoð þar sem hún skapar grundvöll fyrir sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks. Jafnframt þarf öll aðstoð sem fötluðu fólki er veitt að vera á forsendum þjónustunotandans. Með slíkt viðhorf að leiðarljósi ætti fötluð manneskja sem er þolandi heimilisofbeldis alltaf að fá aðstoð frá viðeigandi fagaðilum þegar viðkomandi hefur verið beitt ofbeldi. Fatlað fólk þarf einnig að eiga góða möguleika til atvinnuþátttöku, hafa greitt aðgengi að samgöngum og öllum þjónustustofnunum, vera sýnilegt í fjölmiðlum án stimulunar, njóta jafnréttis innan löggæslu- og dómskerfisins og hafa möguleika á jafningjastuðningi og ráðgjöf frá öðru fötluðu fólki. Tillögurnar að aðgerðunum hér að neðan geta átt mikilvægan þátt í að stuðla að meira valdajafnvægi milli fatlaðs og ófatlaðs fólks sem dregur úr ofbeldi. Hins vegar er ljóst er að mun róttækari breytinga er þörf í uppbyggingu alls þjónustukerfisins, bæði lagalega og í stefnumótun þess og framkvæmd, til þess að ná markmiðum um friðhelgi fatlaðs fólks frá ofbeldi.

Tillögur að aðgerðum gegn heimilisofbeldi

1. Að útbúnir verði verkferlar

Mikilvægt er að útbúnir verði skýrir verkferlar varðandi viðbrögð við málum þar sem fatlaður einstaklingur verður fyrir ofbeldi sem og þegar grunur vaknar um að fatlaður einstaklingur hafi orðið fyrir ofbeldi. Verkferlarnir verði opinberir og öllum

aðgengilegir og nái til heimila fatlaðs fólks sem Reykjavíkurborg rekur eða á í samstarfi við um rekstur. Verkferlarnir nái einnig til annarra staða þar sem fatlað fólk ver tíma sínum, t.d. frístundaheimila og vinnustaða sem reknir eru af Reykjavíkurborg eða samstarfsaðilum Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að verkferlarnir taki mið af ólíkum stöðum og starfsemi, þ.e. hvort um er að ræða heimili, vinnustað eða aðra staði þar sem fatlað fólk nýtir sér þjónustu. Einnig er mikilvægt að verkferlarnir feli í sér vernd fyrir starfsfólk sem verður vart við ofbeldi og vill tilkynna það án þess að þurfa að óttast um starfsöryggi sitt. Nauðsynlegt er að þessir verkferlar verði unnir í nánú samstarfi við fatlað fólk og fólk með sérþekkingu á ofbeldismálum.

2. Fræðsla til fatlaðs fólks

Til þess að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfsöryggi þarf að tryggja fötluðu fólki fræðslu um eigin mannréttindi, heilbrigð parasambönd og kynlíf. Slík fræðsla myndi til að mynda stuðla að því að fatlað fólk þekki eðli góðra parasambanda og samskipta annars vegar og ofbeldis hins vegar. Fræðsla af þessum toga er mikilvæg fyrirbyggjandi aðgerð sem til lengri tíma gæti dregið úr tíðni ofbeldis gagnvart fötluðu fólki. Ákjósanlegast er að þessi fræðsla sé veitt af öðru fötluðu fólki, að minnsta kosti að stórum hluta.

Þessari fræðslu þarf að koma til fatlaðra nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, og tengja þeirri almennu fræðslu sem börn fá í grunnskólum. Einnig þarf að tryggja að fræðslan myndi ná til nemenda í framhaldsskólum, jafnt til þeirra sem stunda nám á almennum námsbrautum sem og til þeirra sem stunda nám á starfsbrautum. Til þess að koma fræðslunni til þeirra sem komnir eru úr skólakerfinu, gerir starfshópurinn að tillögu sinni að kannaðir verði möguleikar á samstarfi við Fjölmennt, Hitt húsið eða aðra staði þar sem fatlað fólk stundar vinnu eða virkni.

Starfshópurinn leggur jafnframt til að foreldrum fatlaðra ungmenna standi til boða að þiggja fræðslu um mannréttindi fatlaðs fólks. Slík fræðsla fæli í sér mikilvægt fyrirbyggjandi skref, til dæmis í því skyni að draga úr forræðishyggju og til þess að auka meðvitund nánustu aðstandenda um birtingarmyndir ofbeldis gagnvart fötluðu fólki. Auk þessa leggur starfshópurinn til að kannað verði samstarf við þjónustumiðstöðvar og hagsmunasamtök fatlaðs fólks varðandi framkvæmd fræðslunnar.

3. Nýliðafræðsla til starfsfólks sem hefur störf með fötluðu fólki

Fræðslan þarf að snúa að mannréttindum fatlaðs fólks, þeirri hugmyndafræði sem starfað er eftir hjá borginni, lögum, reglugerðum og alþjóðasáttmálum sem snúa að réttindum fatlaðs fólks. Í fræðslunni yrði varpað ljósi á stöðu fatlaðs fólks sem minnihlutahóps og í því samhengi tíðni og birtingarmyndum ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og þeim verkferlum sem mótaðir yrðu til þess að sporna við ofbeldi og til þess að bregðast við ofbeldismálum.

Starfshópurinn leggur til að þessi fræðsla myndi fara fram með svipuðu móti og sú nýliðafræðsla sem þegar er til staðar hjá Reykjavíkurborg, þar sem starfsmenn af ólíkum vinnustöðum koma saman til þess að fá fræðslu. Fræðslan yrði sérsniðin að þeim hópi sem kemur að þjónustu við fatlað fólk og þyrfti hún að fara fram á þriggja til fjögurra mánaða fresti til þess að mæta nýliðun í starfsmannahópum. Jafnframt er mikilvægt að allar starfsstöðvar sjái til þess að tímavinnufólk fái einnig þessa fræðslu. Samstarf við helstu hagsmunasamtök fatlaðs fólks þarf að eiga sér stað varðandi framkvæmd fræðslunnar og tryggja þarf að fatlað fólk sé leiðandi í því að móta og veita fræðsluna.

4. Innra eftirlit

Starfshópurinn leggur til að fundnar verði leiðir til þess að innra eftirlit sé haft með starfssemi á þeim starfsstöðum á vegum Reykjavíkurborgar þar sem fötluðu fólki er veitt þjónusta. Þörf er á reglulegu eftirliti til þess að tryggja að starfsstaðir fari eftir þeim verkferlum sem þeim ber að starfa eftir, til að mynda þegar ofbeldismál koma upp, sem og til þess að tryggja að allt starfsfólk, fastráðið sem og tímavinnustarfsmenn, hafi fengið viðunandi fræðslu.

5. Neyðarteymi í ofbeldismálum

Starfshópurinn leggur til að sett verði á fót neyðarteymi sem gæti brugðist við í ofbeldismálum gagnvart fötluðu fólki. Markmiðið með þessari aðgerð er til að mynda að koma í veg fyrir að forstöðumenn séu settir í þá aðstöðu að taka afstöðu með eða gegn þjónustunotanda sem og til þess að tryggja fagleg og hlutlaus vinnubrögð í vinnslu erfiðra mála. Í neyðarteymi þarf hlutfall fatlaðs og ófatlaðs fólks að vera jafnt og gæta þarf að kynjajafnvægi.

6. Fræðsla um skimun fyrir ofbeldi

Mikilvægt er að tryggja að starfsfólk á þjónustumiðstöðvum og heilsugæslustöðvum sé meðvitað um háa tíðni ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og hafi verkfæri og þekkingu til þess að skima eftir einkennum og ræða um ofbeldi við fatlað fólk, t.d. með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Lagt er til að á öllum heimilum fatlaðs fólks og á öðrum starfsstöðum í Reykjavík þar sem fatlað fólk verður tíma sínum verði til myndrænn bæklingur sem nota má þegar spyrja þarf út í ofbeldismál. Bæklingurinn gæti til dæmis reynst hentugur þegar rætt er við fólk með þroskahömlun um ofbeldi. Bæklingurinn er nú þegar til í íslenskri þýðingu sem Lögreglan á Suðurnesjum stóð að. Lagt er til að vakin verði athygli stjórnenda heilsugæslustöðva á mikilvægi skimunar og að þeim verði sendur fyrirnefndur bæklingur.

Samstarf við aðila utan borgarkerfisins

Starfshópurinn leggur til markvisst samstarf við ýmsa aðila utan borgarkerfisins til þess að koma tillögum hópsins í framkvæmd. Þannig verði meðal annars haft samstarf við Stígamót, Kvennaathvarfið, réttindagæslumenn fatlaðs fólks, Lögreglu höfuðborgarsvæðisins og heilsugæsluna varðandi gerð verkferla sem varða heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki sem og við undirbúning fræðslu.

Hópurinn leggur til að í tengslum við átak Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn heimilisofbeldi, ***Saman gegn ofbeldi***, verði haft samstarf við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, varðandi skráningu á ofbeldismálum gagnvart fötluðu fólki sem og varðandi fræðslu til lögreglunnar á málefnum fatlaðs fólks og viðbrögðum við ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Hópurinn leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að skilgreining ríkislögreglustjóra á heimilisofbeldi nái til ofbeldis sem fatlað fólk verður fyrir inni á heimili sínu, hvort sem um er að ræða einkaheimili, sambýli, búsetukjarna eða annað form búsetu.

Starfshópurinn leggur einnig áherslu á samstarf við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til þess að hægt sé að tryggja skimun fyrir ofbeldi gagnvart fötluðum skjólstaðingum heilsugæslunnar. Sérstaklega er mikilvægt að huga að stöðu

fatlaðs fólks sem tilheyrir fleiri jaðarhópum og upplifir margþætta mismunun, en þar má meðal annars nefna fatlaðar konur, fötluð börn og hinsegin fatlað fólk.

Mikilvægt er að tryggja að ekki sé reynt að fela í kerfinu það ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir á heimilum þar sem það fær þjónustu frá Reykjavíkurborg. Einnig sé það ekki sett í hendur forstöðumanna heimilanna að leysa úr alvarlegum ofbeldismálum þar sem það getur oft á tíðum sett stjórnendur í flókna aðstöðu gagnvart skjólstaðingum sínum. Einnig þarf að tryggja greitt aðgengi fatlaðs fólks að þeim almennu úrræðum sem eru til staðar fyrir þolendur ofbeldis sem og að viðeigandi aðilar veiti aðstoð þegar ofbeldismál koma upp. Slíkir aðilar kunna til að mynda að vera ráðgjafar Stígamóta, Kvennaathvarfsins, lögregla eða réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Fylgiskjal

Erindisbréf starfshópsins.

Heimildaskrá

Nosek, M. A., Howland, C., Rintala, D. H., Young M. E., og Chanpog, G. F. (2001).

National study of women with physical disabilities: Final report. *Sexuality and Disability*, 19, 5.

Nosek, M. A., Hughes, R. B., Swedlund, N., Taylor, H. B. og Swank, P. (2003). Self-esteem and women with disabilities. *Social Science and Medicine*, 56(8), 1737-1747.

Velferðarráðuneytið. (2013). *Ofbeldi gegn fötluðum konum*. Sótt af:

http://www.velferdarraduneyti.is/media/Rit_2013/ofb_fatladar-konur-skyrsla_mai2013.pdf

WHO. (e.d.). Violence Against Children and Adults with Disabilities. Sótt af:

<http://www.who.int/disabilities/violence/en/>

Women With Disabilities Australia. (2013). Stop the Violence: Background Paper.

Sótt af:

http://wwda.org.au/wpcontent/uploads/2013/12/STV_Background_Paper_FIN_AL.pdf